

Mál 32/2017

Ár 2017, fimmtudaginn 14 desember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr.32/2017

HRFÍ

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 4. október 2017 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða X hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina A við rakkann B, án þess að tíkin væri með gilda augnskoðun né gilt heilsufarsvottorð við pörun og án þess að rakkinn væri með gilda augnskoðun né eistnavottorð við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 5. október 2017 og henni gefinn andmælafrestur til 2. nóvember. Með umsókn um skráningu í ættbók fylgdi bréf frá kærðu. Var það tekið sem andsvar og afrit af því sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en óskaði eftir því að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin þá ákvað nefndin að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði var tíkin A pöruð við rakkann B án þess að tíkin og rakkinn hefðu gilda augnskoðun við pörun. Einnig vantaði heilsufarsvottorð tíkarinnar því að hún hafði náð 7 ára aldri við pörun og rakkinn var ekki með gilt eistnavottorð. Hundarnir eru af tegundinni Íslenskur fjárhundur og eru bæði í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Í andsvari kærðu kom fram að ekki hafi verið um viljaverk að ræða. Það hafi alls ekki verið ætlunin að þessi pörun ætti sér stað. Rakkinn hefði verið fjarlægður af heimilinu tímabundið svo koma mætti í veg fyrir pörun. Það gerðist samt sem áður eftir að rakkinn kom aftur heim. Báðir hundarnir hafa nú farið í augnskoðun og staðist skoðun, tíkin hefur verið heilsufarsskoðuð og staðist skoðun og rakkinn hefur fengið eistnavottorð. Kærða er afar ósátt við sjálfa sig og lítur þetta alvarlegum augum því það skiptir hana miklu máli að fylgja öllum tilsettum reglum.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ, reglur sérdeilda segir um hundakynið Íslenskur fjárhundur:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun til þriggja ára aldurs undaneldishunda. Augnskoðun sem framkvæmd er eftir 3 ára aldur, gildir í 26 mánuði. Niðurstöður þessara skoðana eiga að vera kunnar fyrir pörun. (Gildir frá 01.06.2007). Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (katarakt) mun hann verða skráður í ræktunarbann (sbr. beiðni frá DÍF 30.09.2004). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).“

„Kafli II, 6.gr: Óheimilt er að ættbókarfæra afkvæmi hunds séu eistu hans ekki eðlileg og rétt staðsett (launeistu). Hafi hundur hvorki verið sýndur í ræktunardóm né eigi áður skráð afkvæmi, skal fylgja umsókn um ættbókarfærslu afkvæma hans vottorð dýralæknis um að eistu undaneldishundsins séu eðlileg og rétt staðsett. Eingöngu vottorð sem gefið er út eftir sex mánaða aldur er tekið gilt.“

„Kafli I, 11.gr: Ætli ræktandi að para tík 7 ára eða eldri, skal dýralæknir votta ástand hennar með læknisvottorði þar sem fram kemur hvort tíkin sé í líkamlegu ástandi til að ganga með og gjóta hvolpum. Læknisvottorðið skal gefið út og dagsett fyrir pörun. (Frá 1. mars 2003). Ef tík er pöruð eftir 7 ára aldur skal fylgja pörunarvottorði vottorð frá dýralækni, sem staðfestir að tíkin hafi verið í líkamlega góðu ástandi fyrir pörun og geti gengið með hvolpa og alið önn fyrir þeim án þess að það komi niður á heilsu hennar. Vottorð dýralæknis má ekki vera eldra en mánaðargamalt fyrir pörun. Para ekki tík sem er orðin 7 ára gömul hafi hún ekki átt hvolpa áður. Aldrei má para tík sem náð hefur 10 ára aldri. (Gildir frá 1.nóvember 2016)

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að hvorki tíkin né rakkinn voru með tilskilin áður tilgerind heilsufarsvottorð. En slík vottorð eru gögn sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að þau liggja fyrir við pörun til þess að tryggt sé að hundarnir beri ekki með sér erfðagalla eða sjúkdóm. Báðir hundarnir hafa nú undirgengist læknisskoðun og til allra heilla staðist skoðun. Það breytir ekki brotunum að hundarnir hafi staðist skoðun eftirá, það var ekki fyrirséð. Með þessari pörun hefur orðið fjórfalt brot á reglum félagsins og vill siðanefnd áréttta það að mikilvægt er að hundaeigendur gæti þess að hundar parist ekki fyrir slysi.

Þá liggur það fyrir að kærða hefur áður sætt áminningu vegna þess að tík var of gömul fyrir pörun og er kærða því áminnt öðru sinni.

IV Niðurstaða

Kærða, X telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 og grein 3.5 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ, jafnframt brotleg við kafla I, 11. gr. og kafla II, 6.gr í reglugerð um skráningu í ættbók.

Kærða er áminnt öðru sinni.

f.h siðanefndar

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Fjóla Fannberg

Kristín Sveinbjarnardóttir